



# Samræða um ofbeldi:

## Karlar sem beita konur ofbeldi

Ofbeldisvarnarnefnd RVB  
22. nóvember 2021

# Karlar sem beita konur ofbeldi

22. nóvember 2021



- Hvað er ofbeldi?
- Hvað segja rannsóknir?
- Hvað sögðu karlarnir
- Hvað virkaði í meðferðinni?
- Hvað vantaði í meðferðinni?

## Alkunnar staðreyndir en stöldrum við þær...\*

- Á heimsvísu verður þriðja hver kona fyrir ofbeldi af hálfu karlmanns í nánu sambandi og hefur það aukist í kjölfar COVID-19 heimsfaraldursins (sjá t.d. Jafnréttisstofnun SP e.d.).
- Samkvæmt fréttum frá fagaðilum fjölgaði tilkynningum um heimilisofbeldi hér á landi og voru tvær konur myrtar innan veggja heimilisins snemma á tímabilinu. Barnaverndarstofu bárust ríflega 45% fleiri tilkynningar um líkamlegt ofbeldi gegn börnum á fyrri helmingi ársins 2021.
- Samkvæmt skýrslu Sameinuðu þjóðanna um kynbundið ofbeldi og morð á konum varð maki eða einstaklingur í nánu sambandi 82 konum að bana daglega á árinu 2017 (Fíkniefna- og afbrotamálastofa SP 2018: 10).

## Hvað er ofbeldi?\*

- Ýmsar skilgreiningar á ofbeldi.
- Catharine A. MacKinnon:
  - Kúgun og valdbeiting í gegnum ást og erótík (*eroticization of dominance*).
- bell hooks:
  - Ofbeldi feðraveldisins (patriarchal violence).
- Algengar flokkanir á ofbeldi:
  - Líkamlegt, andlegt (tilfinningalegt), fjárhagslegt, stafrænt, kynferðislegt ...

# Hvað er ofbeldi? Frh.\*

- Sylvia Walby:
  - Með kortlagningu er ofbeldið orðið sýnilegra
  - Nær þó ekki yfir allt: forced marriage, trafficking for sexual exploitation, limlestingar
  - Áherslur þurfi að ná yfir á sýnilegt/ósýnilegt/táknrænt ofbeldi.
  - Kynjakerfið og ofbeldi í garð kvenna.
- Stark: Stjórnun og kúgun – coercive control
- Purkayastha og Kelly  
Róf ofbeldis (continuum of violence)

## Ofbeldiskerfi og samþætting mismunabreyta:

- Jeff Hearn o.fl. koma með hugtakið **ofbeldiskerfi** (violence regimes).
- Patricia Collins hefur ásamt öðrum fræðikonum notað **samþættingu** mismunabreyta (intersectionality) til að greina ofbeldi frá ýmsum hliðum.

# Hvað er ofbeldi? Frh. \*

- Judith Butler:
  - Heimur án ofbeldis / að beita ekki ofbeldi.
- **Hvers virði - siðferðileg afstaða:**
  - Hverja syrgjum við? (grievability)
  - Hvaða líf skipta máli?
  - Hvaða, líkamar skipta máli? (bodies that matter)

# Hvað segja rannsóknir?\*



- Freydís Jóna Freysteinsdóttir og Dóra I. Valgarðsdóttir (2020) telja að þekktir áhættuþættir, svo sem lágar tekjur, félagsleg einangrun og viðhorf tengd feðraveldi geti skýrt ofbeldið.
- Ingólfur V. Gíslason (2008: 107) segir ekki óeðlilegt að líta svo á að íhaldssöm viðhorf karla til kvenna geti aukið líkur á að þeir beiti konur ofbeldi og/eða sýni kvenfyrirlitningu.
- Erlendar rannsóknir hafa ítrekað sýnt að karlar eru líklegri en konur til að beita ofbeldi í nánnum samböndum; ofbeldi karla gegn konum er oft hættulegra og veldur meiri áverkum og ótta en ofbeldi sem kvenna (Sjá t.d. DeKeseredy 2021: 622; Dobash og Dobash 1979, 2004.)
- Meiri athygli hefur verið beint að einstaklingsbundnum þáttum í tengslum við ofbeldi innan náinna sambanda en að samfélags- og menningarlegum eins og Hardesty og Ogolsky (2020: 454–477) benda á. Grein þeirra fjallar um félagslegar rannsóknir á viðfangsefninu frá á tímabilinu 2010–2020. Þeir skoðuðu yfir 100 fræðigreinar og fjölmarga þætti og snið. Þeir segja að því megi slá föstu að munur sé á aðstæðum og áhrifum fyrir kynin. Þeir telja sig einnig sjá tregðu á að viðurkenna þennan mun. Ofbeldið sé greinilega kynjað og hluti af almennu mynstri valdbeitingar og stjórnunar.
- Fjárhagslegur kostnaður kvenna er hærri en karla. Konur eru líklegri en karlar til að láta lífið í nánnum samböndum og telst heimilið sá staður þar sem konur sæta hvað mestu ofbeldi og kúgun.

## Hvað segja rannsóknir? Frh.\*

- Í um 64 greina yfirliti Larsens og Hambergers (2015) virtist ofbeldissaga karla umfangsmeiri og fjárhagslegur kostnaður kvenna hærri, þá ekki síst vegna heilsufars og áverka og frítöku þeirra frá vinnu vegna barna.
- Má þó geta þess að ofbeldi kvenna í garð karla hefur verið minna rannsakað (sjá Douglas og Hines, 2011) og sama má segja um ofbeldi í samkynja samböndum (sjá t.d. Donovan, Barnes og Nixon, 2014: 3–4).
- Margt þarf að rannsaka til hlítar og fræðimenn eru ekki sammála um ýmis atriði sem lúta að ofbeldi í nánnum samböndum. Sumir þeirra halda því fram að ofbeldi karla og kvenna í nánnum samböndum sé svipað af umfangi (sjá t.d. Archer 2002; Caldwell, Swan og Woodbrown 2012; Dutton og Nicholls, 2005; Johnson 2006).
- En hvað með félagslegan arf? Þrátt fyrir margar erlendar rannsóknir hefur ekki hefur verið sýnt fram á að ofbeldið í fjölskyldum færir milli kynslóða, þó að ýmsir haldi því fram.
- Hægt er að staðhæfa út frá þeim yfirlitsgreinum sem við höfum skoðað að ofbeldi í nánnum samböndum sé kynjað og einkennist af valdbeitingu karla í garð kvenna. Karlar séu líklegri til að hafa frumkvæðið og ofbeldissaga karla virðist umfangsmeiri. Talsverður munur sé á reynslu karla og kvenna af ofbeldi í nánnum samböndum.



# Hvers konar ofbeldi? \*



- Í rannsókn okkar þá kom eftirfarandi í ljós þegar kemur að því hvers konar líkamlegu ofbeldi var beitt:
  1. Kyrking (oft smættað með orðinu hálstak).
  2. Kýla.
  3. Hrinda.
  4. Slá.
  5. Henda hlutum.
  6. Beina vopni að viðkomandi (byssa eða hnífur).
  7. Sparka.
  8. Nauðgun.
  9. Hrækja.
  10. Hella vatni yfir viðkomandi.



# Og - hvað sögðu þeir?

- Lýsa miklu ofbeldi: Játa - enda forsenda þess að koma í viðtalið við okkur að hafa skilið amk að einhverju leyti hvað var um að vera – löngun til að breyta lífi sínu.
- Reiði, í garð maka eða eigin föður vegna fyrra ofbeldis hans, stífnis og ósveigjanleika ... segja sig koma úr rosa hörðum bakgrunni“, hafa alist upp við gríðarlegt ofbeldi og mikla drykkju (hjá sumum, alls ekki hjá öðrum). Niðurlæging - honum finnst hann verða fyrir af hendi konunnar (réttlæting). Misnotkun áfengis- og vímuefna, glæpir (sumir). Tekjumunur, þarna kemur karlmennskan fram, væntingar um skaffarann, sjálfir (inn á við) eða frá umhverfinu, konunni eða fjölskyldunni.
- Erfið atvik. Að standa frammi fyrir afskiptum vegna átaka, áverka konunnar, vera handtekinn eða annað.

# Hvað segja karlar um eigið ofbeldi eftir að hafa sótt sér aðstoð?



- Átta mig á að ég var ofbeldisfullur.
- Átta mig á ótta barnanna. Sérlega á andlegu ofbeldi, stjórnun og kúgun konunnar.
- Átta mig á eigin persónu t.d. „að ég er svol..ferkantaður“.
- Læra að hafa stjórn á skapi sínu og vinna með væntingar (1 skref í einu).
- Læra á samskiptin við makann.
- Forðast aðstæður sem ég þoli illa, t.d. persónur, sem hafa slæm áhrif á mig og mína nánustu.

# Áhersla í meðferð

## Horft fram hjá kerfislægum þáttum á borð við kynjakerfið



- Horft fram hvernig kynjakerfið viðheldur kynbundnum valdaafstæðum og undirskipan kvenna og kúgun (Walby 2012).
- Dæmi: Viðmælendur minntust ekki á hvernig hugmyndir þeirra um karlmenskuna og viðhorf þeirra til samskipta kynjanna væru hugsanlega undirrót ofbeldisins.
- Virtust ekki átta sig á því hvernig kynjakerfið mótaði og batt þá á klafa hugmynda um ríkjandi karlmensku sem veitti þeim forskrift hvernig karlar ættu að haga sér í nánnum samböndum.
- Dæmi: Fyrirvinnuhlutverkið sem þeir tóku hátíðlega og töldu vera í sínum verkahring að sjá fyrir fjölskyldunni. Stressið að „skaffa“ varð svo oft undirrót deilna, reiði og svo ofbeldis. Tekjumunur kynjanna enn eitt atriðið.

# Hvar stöndum við? Sjúkdómur, meðferð, kynjakerfið ...

- Sjúkdómsvæðing ofbeldis:
  - Útskýringar sumra vísa í sjúkdómsvæðingu ofbeldis sem birtist í stjórnleysi.
- Meðferðin og meðferðarorðræðan:
  - Viðmælendur okkar virðast ekki hafa náð að ígrunda stöðu sína á gagnrýninn hátt utan ramma meðferðarinnar.
- Kynjakerfið:
  - Feðraveldið og ofbeldiskerfið.
  - Skaðlegar karlmennskuhugmyndir.